



Áhugasviðið mitt

Verkefni unnið í spjaldtölvu

- Allir hafa áhuga á einhverju sérstöku og sumir hafa jafnvel áhuga á býsna mörgu.
- Gaman er að sökkva sér ofan í það sem vekur áhuga manns og þá er gott að hafa nægan tíma.
- Þú finnur upplýsingar um ákveðið efni á ýmsum stöðum, t.d. í bókum, blöðum og tímaritum en ekki síst á netinu eins og í umfjöllun á vefsíðum, með því að skoða myndir, myndbönd og fleira.

Þetta er verkefnið:

VIÐFANGSEFNI:

Veldu **viðfangsefni** sem þú hefur áhuga á að fjalla um. Þú þarft bara að uppfylla það skilyrði að þú hafir áhuga á þessu tiltekna efni. Ekki er nauðsynlegt að þú vitir mikið um það á þessu stigi.

UMFJÖLLUN:

Verkefnið felst í því að afla upplýsinga um viðfangsefnið og **gera umfjöllun** um það. Á meðan þú ert að vinna verkefnið getur verið gott að hugsa sér að þú sért að safna upplýsingum fyrir einhvern sem þekkir ekki mikið til efnisins. Umfjöllun getur til dæmis verið í formi bæklinga, rafbókar, kvikmyndar, myndasögu, glærusýningar eða jafnvel vefsíðu. Verkefnið á að vinna á spjaldtölvu.

SAMNINGUR:

Það þarf að ákveða nokkur atriði áður en þú getur hafist handa. Þau eiga að koma fram í **samningi** sem bæði þú og kennarinn þinn samþykkið. Í fjarnámi mega foreldrar líka samþykkja fyrir hönd kennarans. Samninginn þarf helst að senda til kennarans áður en þú byrjar.

SAMNINGSGERÐIN: Alltaf þegar gerður er samningur þarf að ákveða nokkur atriði áður. Sum þessara atriða þarftu kannski að ræða við kennarann þinn (eða foreldri) og fá hjálp með að ákveða áður en þú byrjar.

Skoðaðu töflurnar yfir **forrit** og **hugmyndir** hér fyrir neðan. Samningurinn er gerður rafrænt með því að fylla inn í hann **HÉR**. Sýnishorn af honum er hér neðst í þessari verkefnalýsingu.

Þetta þarf að koma fram í samningi:

1. Gerðu **stutta lýsingu** á efninu sem þú ætlar að taka fyrir (2-3 setningar).
2. Hvaða **forrit/verkfæri** langar þig að nota? Ætlaðu til dæmis að búa til rafbók, ritgerð, myndasýningu, teiknimynd eða jafnvel hugarkort? Viltu kannski taka viðtal við einhvern, smella af myndum eða taka upp myndbandsbút og gera stuttmynd? Kannski þarftu að nota fleiri en eitt forrit. Nú skaltu **ákveða** hvaða forrit þú notar og hvernig þú útfærir verkefnið.
3. Gefðu verkefninu **heiti**. Þú mátt alveg breyta því síðar ef þú vilt.
4. **Tímamörk**. Hvað þarftu langan tíma til að vinna verkið? Ákveddu dagsetningu fyrir skilin.
5. **Undirritaðu** samninginn með fullu nafni og dagsetningu.
6. **Sendu samninginn** til kennarans. Ef hann samþykkir hann er ekkert því til fyrirstöðu **að byrja**. Mundu að halda tímamörkin.

Flestar manneskjur hafa nokkur áhugasvið sem snerta mjög margt. Á eftirfarandi lista eru nokkur dæmi um áhugasvið fólks. Ef til vill er þitt áhugasvið á listanum en kannski ekki. Listinn er bara hugsaður fyrir þig til skoðunar og að örva hugmyndaflugið þitt.

Listi yfir hugmyndir

Gæludýr	Íþróttagrein	Íþróttamaður íþróttakona	Söngvari söngkona	Uppáhalds- maturinn
Útivist	Tölvuleikir	Teiknimyndir	Kvikmyndir	Tónlist
Besti skólinn	Góður vinur	Skemmtilegt spil	Land	Uppáhalds- staður
Ferðalög	Drauma- starfið	Góður dagur	Faratæki	Húsið mitt

Forrit - verkfæri

Í töflu hér á eftir er listi yfir nokkur **forrit / verkfæri**. Viltu nota eitt þeirra eða kannski fleiri en eitt? Þitt er valið. *Hægt er að velja önnur forrit líka.*

 Book Creator	 Keynote	 Pages
 Google Docs	 Clips	 Popplet
 Google Slides	 StopMotion	 PicCollage
 Shadow Puppet	 iMovie	 Toontastic

Þú getur leitað þér nánari upplýsinga um öppin á vefsíðu spjaldtölvuvefsins:
<https://spjaldtolvur.kopavogur.is/opp/>

Reyndu að skipuleggja verkið vel áður en þú byrjar. Forrit eins og [Storyboard](#) getur hjálpað þér við skipulagninguna. Þú þarft þá að hlaða því niður í spjaldtölvuna ef þú ert ekki þegar búin/-n að því.

Gangi þér vel



Áhugasviðið mitt

Samningur

Vistaðu samninginn í Books.
Skrifaðu inn í hann með skriffærum Books.
Taktu skjáskot af samningnum í lokin.



Lýsing á viðfangsefninu:

Verkfærin/forritin sem ég ætla að nota:

Heiti verkefnis:

Skiladagsetning:

Dagsetning samnings:

Undirskrift nemanda: _____

Sendu samninginn (skjáskotið) til kennarans með
tölvupósti eða skilaðu inn í áfanga í rafrænni kennslustofu.

Undirskrift kennara/foreldris: _____